

**Nd.**

**523. Breytingartillaga**

við tillögu til þingsályktunar um sjúkravistarstyrk handa geðveikum mönnum.

Frá Pjetri Ottesen.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr ríkissjóði, þangað til lokið er að reisa fyrirhugaða viðbót við geðveikrahælið á Kleppi, þann hluta af meðgjöf með geðveikum þurfalingsum á svo kölluðum »Litla-Kleppi« í Reykjavík, sem fer fram úr meðgjöfnni á Kleppshælinu, þó með því skilyrði, að dvalarkostnaður þurfalings á »Litla-Kleppi« sje ekki hærri en 8 kr. á dag, enda sje stofnun þessi undir eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins.

2. Fyrir »mönnum« í fyrirsögn komi: þurfamönnum.